# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 16/2013.

Reykjavík, 06.08.2013
2013080062

**Efni: Innköllun af markaði á spínati, merkt Hollt og gott.**

Hollt og Gott ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla spínat vegna varnarefnisins, permetríns sem greindist í spínatinu en óheimilt er að nota efnið í landbúnaði í Evrópu.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin einskorðast við:

**Vörumerki:** Hollt og Gott ehf.
**Vöruheiti:** spínat.
**Pökkunaraðili:** Hollt og Gott ehf., Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.
**Upprunaland:** Bandaríkin
**Nettóþyngd:** 200 g.
**Best fyrir:** 8. og 10. ágúst 2013
**Strikanúmer:** 5690350037815
**Dreifing:** Verslanir og mötuneyti um land allt.

Þeir sem keypt hafa umrædda vöru eru beðnir um að farga henni eða skila til þeirrar verslunar sem hún var keypt í.

